

Siglingastofnun  
Sigurður Sigurðarson  
Vesturvör 2  
200 Kópavogur

2002030045  
4200; 9310

Reykjavík, 17. apríl 2002  
/ÞFP

### **Efni: Sjóvörn við Brimnesveg norðan Tjarnargötu á Flateyri, Ísafjarðarbæ. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 21. mars 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt sjóvörn við Brimnesveg norðan Tjarnargötu á Flateyri, Ísafjarðarbæ, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 10. apríl 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 5. apríl 2002. Svör við umsögnum bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 15. apríl 2002.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Um er að ræða styrkingu á eldri sjóvörn við Brimnesveg á Flateyri. Lengd sjóvarnar verður um 350 m og áætluð efnisþörf um 2.500 m<sup>3</sup> og er gert ráð fyrir að nota opna grjótnámu í Dagverðardal.

### **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

Fram kemur í umsögnum Ísafjarðarbæjar og Náttúruverndar ríkisins að um sé að ræða styrkingu á fyrirliggjandi sjóvörn og framkvæmdin sé ekki þess eðlis að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða endurbyggingu sjóvarnar við Brimnesveg norðan Tjarnargötu á Flateyri, Ísafjarðarbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd er endurbygging á sjóvörn, tekur til takmarkaðs svæðis og mun ekki hafa verulegt rask í för með sér.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvörn við Brimnesveg norðan Tjarnargötu á Flateyri, Ísafjarðarbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. maí 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Póroddur F Póroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Ísafjarðarbær og Náttúruvernd ríkisins